

Ágæti mjólkurframleiðandi

Reykjavík 10. janúar 2014

**Efni: Breyting á vægi fitu og próteins í lágmarksverði meðalmjólkur skv. verðlagsgrundvelli kúabús.**

Á fundi stjórnar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), sem haldinn var 10. desember 2013, var ákveðið að leita staðfestingar Verðlagsnefndar búvöru, á þeirri tillögu samtakanna, að breyta vægi efnaþáttu í lágmarksverði meðalmjólkur skv. verðlagsgrundvelli kúabús.

Undangengin ár hefur greiðsla fyrir móttakna mjólk markast af því að 25% af lágmarksverði mjólkur, skv. verðlagsgrundvelli, hefur verið reiknað eftir fituinnihaldi en 75% af lágmarksverði eftir próteininnihaldi. Stjórn SAM ákvað að leita eftir stafestingu þess, við Verðlagsnefnd búvöru, að viðmiðun efnaþáttu af lágmarksverði færi úr 25/75 í 50/50 fyrir fitu/prótein – þ.e. að verðvægi efnaþáttu yrði jafnt.

Ákvörðun þessi er tekin í kjölfar þróunar á markaði eftir efnaþáttum mjólkur. Samanlagðar greiðslur fyrir móttakna mjólk munu ekki breytast ef efnaþáttum framleiddrar mjólkur verður óbreytt. Greiðslur til einstaka framleiðenda tekur mið af efnaþáttum innveginnar mjólkur, eins og verið hefur, en með meiri áherslu eftir fituinnihaldi mjólkurinnar og að sama skapi minni áherslu á próteininnihaldi.

Í eftirfarandi yfirlitstöflu koma fram helstu þættir í skiptingu lágmarksverðs mjólkur til framleiðenda, fyrir og eftir breytingu viðmiðunarþáttu.

Yfirlitstafla	Fyrir breytingu		Eftir breytingu	
	Fita	Prótein	Fita	Prótein
Vægi efnaþáttu	25%	75%	50%	50%
Lágmarksverð.....	82,92 kr/ltr	20,7300	62,1900	41,4600
Verð á fitueiningu.....	4,11 % fita	5,0438		10,0876
Verð á próteineiningu.....	3,32 % prótein		18,7319	12,4880

**Útreikningur á verði til framleiðenda verður því eftirfarandi**

a) m.v. 1 lítra af mjólk:

$$(10,0876 * F\%) + (12,4880 * P\%) = \text{kr. á lítra mjólk.}$$

b) m.v. innlagða mjólk á mánuði:

$$(10,0876 * \text{fitueiningar í mánuðinum}) + (12,4880 * \text{próteineiningar í mánuðinum})$$

= *Samtals greitt fyrir mjólk innlagða í mánuðinum.*

Á fundi Verðlagsnefndar búvöru, sem haldinn var 8. janúar 2014, var tillaga SAM tekin til afgreiðslu og staðfest af hálfu Verðlagsnefndar. Þessi viðmiðun tekur því gildi til afurða-uppgjörs f.o.m. 1. janúar 2014. Því verður greitt miðað við þessi verðhlutföll fyrir mjólk sem lögð er inn í afurðastöð f.o.m. 1. janúar 2014 og greitt verður fyrir 10. febrúar 2014.

Sé óskað frekari skýringa á ofangreindum breytingum mun SAM fúslega veita frekari skýringar.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði



Guðni Ágústsson, framkvæmdastj.